

Tími til að njóta menningar



Menningarstefna Reykjaneshæjar

2008 – 2018

Efnisyfirlit

<i>Leiðarljós Reykjanesbæjar í menningarmálum</i>	3
<i>Megináherslur Reykjanesbæjar í menningarmálum</i>	3
<i>Tími til að njóta tónlistar</i>	5
<i>Tími til að njóta leiklistar og kvikmynda</i>	6
<i>Tími til að njóta bókmennta, upplýsinga, rannsókna og fræða</i>	7
<i>Tími til að njóta myndlistar, handverks og hönnunar</i>	8
<i>Tími til að njóta sögu, minja og hefða</i>	9
<i>Tími til að njóta fræðslu, trúar og menningar</i>	10
<i>Tími til að njóta nýsköpunar, fjölbreytni og menningar</i>	11
<i>Tími til að njóta útivistar og menningar</i>	13
<i>Tími til að njóta Ljósanætur</i>	14
<i>Hvatning og stuðningur sveitarfélagsins</i>	15
<i>Menningarstofnanir Reykjanesbæjar</i>	18

Leiðarljós Reykjanesbæjar í menningarmálum

Reykjanesbær verði þekktur sem lista- og menningarbær. Þar blómgist öflugt og aðlaðandi lista- og menningarlíf og litið verði á menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins. Reykjanesbær er fjölmennningarlegt samfélag og vill nýta sér kosti þess um leið og lögð er áhersla á rótgróin gildi íslensks samfélags.

Megináherslur Reykjanesbæjar í menningarmálum

- Menningarmál eru vaxandi atvinnugrein og ein af meginstoðum í starfsemi sveitarfélagsins. Mikilvægt er að styðja við hvers konar frumkvöðlastarf og nýsköpun og vinna að eflingu á núverandi menningarstarfsemi með ráðningu fagfólks þar sem því verður við komið. Með því er unnið beint og óbeint að fjölgun starfa í Reykjanesbæ.
- Samvinna sveitarfélagsins og menningarstofnana þess, einstaklinga, félaga og fyrirtækja er grundvöllur að áframhaldandi uppbyggingu menningarlífs. Þetta samstarf þarf að efla á sem flestum sviðum menningarlífs.
- Forystuhlutverk sveitarfélaga er ótvírætt við eflingu menningarstarfs. Reykjanesbær sinnir því hlutverki með starfsemi öflugra menningarstofnana en ekki síður með stuðningi við einstaklinga og grasrótastarf. Áfram verður stuðlað að lifandi menningarlífi í bænum með gerð rekstrarsamninga við öflug félög og samtök á menningarsviðinu.
- Söfn og aðrar menningarstofnanir Reykjanesbæjar gegna forystu- og stuðningshlutverki og eiga að standa fyrir framúrskarandi starfi. Áfram þarf að vinna að því að bæta húsnæðisaðstöðu til safna- og menningarstarfs. Í því skyni verði unnin áætlun um að ljúka brýnustu áföngum í þeim efnum innan gildistíma menningarstefnunnar.
- Ungir og aldraðir eru vaxandi þátttakendur í hvers kyns félags- og menningarstarfi. Að þessum hópum þarf því að hlúa sérstaklega með fjölbreyttu framboði á afþreyingu, menntun og menningu.
- Menningarsjóður verður eflur og árlega verði veittir úr honum styrkir til hópa og einstaklinga. Skoðaðir verði möguleikar á að koma á gestaíbúð fyrir listamenn og fræðimenn.
- Menningarviðburðum hefur fjölgað mikið í Reykjanesbæ á undanförunum árum. Til þess að tryggja áfram fjölbreytta menningardagskrá hafa verið stigin heilladrjúg skref eins og

að ráða menningarfulltrúa og gera menningarmál að sérstökum sviði innan stjórnsýslu Reykjanesbæjar. Áfram þarf að vinna að eflingu og framförum þessa málaflokks undir forystu Menningarráðs Reykjanesbæjar.

Tími til að njóta tónlistar

Bæjarfélag sem hýsir vöggu íslenskrar popp- og rokkmenningar, þar sem tónlistarkennsla er í hávegum höfð og þar sem er hlið ferðamanna inn í landið, kallar á virkjun sköpunargleðinnar.

Tónlist hefur í marga áratugi verið flaggskip menningarlífs Reykjanesbæjar. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hefur verið í forystu þegar kemur að kennsluháttum og þjónustu við grunn- og framhaldsskólanemendur auk annarra íbúa bæjarfélagsins sem vilja stunda tónlistarnám.

Reykjanesbær vill styðja við tónlistaruppeldi og öflugt tónlistarstarf.

Verkefni til að vinna að:

- Hljómahöllin, tónlistar- og ráðstefnumiðstöð verði fullkláruð en þar er meðal annars gert ráð fyrir eftirfarandi starfsemi:
 - Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.
 - Aðstöðu til háskólamenntunar á sviði tónlistar.
 - Ráðstefnu- og sýningaraðstöðu.
 - Tónleikahaldi í tónleikasölum.
 - Höfuðstöðva Poppminjasafns Íslands.
 - Annarri tónlistar- og menningarstarfsemi.
- Æfingaaðstaða fyrir upprennandi hljómsveitir í Reykjanesbæ verði til staðar og áfram verði unnið að því að finna varanlegt æfingarhúsnæði fyrir tónlistarmenn. Verkefnið verði unnið í tengslum við alþjóðlegar æfingabúðir á Vallarheiði.
- Gæta skal að því að tengingar Tónlistarskólans og annarra menningarstofnana Reykjanesbæjar séu ávallt traustar og tryggja að ætíð sé litið á skólann sem hluta af menningarlífi sveitarfélagsins.
- Skoða möguleika á að koma upp kammerhljómsveit í samvinnu við Tónlistarskólann auk þess sem áfram verði stutt við þær hljómsveitir sem nú þegar eru starfandi innan skólans.
- Kanna þarf grundvöll fyrir því að komið sé á fót reglulegum tónlistarhátíðum, tónleikaröðum eða öðrum reglulegum viðburðum á sviði tónlistarlífs.
- Styðja ber starf félaga og einstaklinga sem vinna að tónlist og tónlistaruppeldi.
- Kynna ber sérstaklega tónlistarmenn sem eiga rætur sínar í samfélaginu eða búa þar í dag.

Tími til að njóta leiklistar og kvikmynda

Leikfélag Keflavíkur hefur lengi verið með öflugustu áhugaleikfélögum landsins og starfrækir Frumleikhúsið. Leiklistarstarfsemi hefur einnig blómstrað í skólum og víðar í sveitarfélaginu.

Kvikmynda- og myndbandagerð eru vaxandi listgreinar og hafa náð nokkurri fótfestu í Reykjanesbæ. Reglulegar kvikmyndasýningar eru meðal nauðsynlegs afþreyingarefnis sem í boði þarf að vera í hverju byggðarlagi.

Reykjanesbær vill styðja við leiklist og kvikmyndagerðarlist auk fræðslu tengda þessum listgreinum.

Verkefni til að vinna að:

- Hlúð verði að leiklistarstarfsemi skóla og félaga með markvissum hætti, meðal annars með námskeiðshaldi og kennslu í framsögn og tjáningu innan skólakerfisins.
- Skoðaðir verði möguleikar á því að samningur fái við menntamálaráðuneytið um atvinnuleikhús í bæjarfélaginu.
- Aðstaða til leiklistarstarfs verði með því besta sem völ er á.
- Verkefnastyrkir verði í boði til leikskálda, leikhópa og annarra sem vilja auka veg leiklistar í sveitarfélaginu.
- Kynna þarf Reykjanesbæ betur sem fyrirmýndarstað til kvikmyndatöku.
- Kvikmyndasýningar verði hafnar að nýju í Bíósal Duushúsa. Þar verði sýndar kvikmyndir sem ekki rata í kvikmyndahúsin og leitað samstarfs við kvikmyndahátíðir, klúbba og aðra aðila sem standa fyrir slíkum kvikmyndasýningum.
- Hvatt er til þess að áform Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs, um nám á sviði kvikmyndagerðar og margmiðlunar verði sem fyrst að veruleika.

Tími til að njóta bókmennta, upplýsinga, rannsókna og fræða

Bókasafn Reykjanesbæjar er ein af elstu og öflugustu menningarstofnunum sveitarfélagsins. Starfsemi þess er fjölbreytt og mikilvægi safnsins eykst með sífellt vaxandi þörf fólks fyrir upplýsingar, afþreyingu og nám af margvíslegum toga.

Skjalasafn Reykjanesbæjar er vaxandi stofnun og mikilvæg fyrir samfélagið vegna samtímans og sögunnar.

Reykjanesbær vill styðja við bókmenntastarf og ritlist og auka vægi upplýsingamiðlunar, rannsókna og fræðastarfs.

Verkefni til að vinna að:

- Standa þarf vörð um bókasafnið og nýta þjónustu þess enn frekar í þágu alls samfélagsins með uppbyggingu á öflugri upplýsingagjöf og fjölbreyttri starfsemi.
- Bókasafnið verði alhliða upplýsingamiðstöð sveitarfélagsins ásamt því að gegna því menningarlega forystuhlutverki sem því hefur verið falið.
- Haldið verði áfram kynningu á bókmenntaarfinum með sérstakri áherslu á rithöfunda og skáld sem eiga rætur sínar í samfélaginu eða búa þar í dag.
- Skilgreina þarf stöðu skjalasafnsins betur og fá það viðurkennt sem héraðsskjalasafn.
- Vinna þarf af festu að framtíðaráformum í húsnæðismálum bókasafns og skjalasafns.
- Áfram verði hlúð að lestrarmenningu sem átaki gegn ólæsi og minni lesskilningi barna og fullorðinna.
- Ýtt verði undir frumlega hugsun og sköpun með því til dæmis að efna til verðlaunasamkeppni á sviði ljóðagerðar, smásagna eða annarra bókmenntaforma.

Tími til að njóta myndlistar, handverks og hönnunar

Listasafn Reykjanesbæjar hefur á fáum árum orðið að lifandi menningarstofnun með fjölbreytta starfsemi. Safnið miðlar myndlist með fjölbreyttu sýningarhaldi, fyrirlestrum, leiðsögn, útgáfu og miðlun á vefnum. Safnið rannsakar og stuðlar að rannsóknum eftir föngum á samtímalist og listiðkun heimamanna.

Starfsemi áhugafólks um myndlist, ljósmyndun, handverk og listhönnun er áberandi og metnaðarfull.

Reykjanesbær vill styðja við myndlist, ljósmyndun og handverk og hvetja til listnáms af hvaða toga og fyrir alla aldurshópa.

Verkefni til að vinna að:

- Listasafni Reykjanesbæjar verði búin sú umgjörð sem hæfir og því gert kleift að verða gildandi í menningarumræðu landsins sem framsækið og nútímalegt safn.
- Í samstarfi við Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ og fleiri aðila verði unnið að eflingu listnáms í sveitarfélaginu.
- Myndlistarfólki verði tryggð viðunandi vinnuaðstaða.
- Unnið verði að kynningu og eflingu handverks og listhönnunar meðal íbúanna.
- Hlúð verði að listrænni ljósmyndun.
- Stutt verði við sýningarstaði og einstök myndlistarverkefni.
- Markvisst verði unnið að því að kynna myndlist í opinberum byggingum og á opnum svæðum.

Tími til að njóta sögu, minja og hefða

Á síðustu árum hefur Byggðasafn Reykjanesbæjar farið í gegnum mikið breytingaskeið. Áhersla hefur verið lögð á að styrkja grundvöll safnsins með skráningu safnkosts og uppbyggingu á varðveisluhúsnæði safnsins. Ákveðið hefur verið að aðrar stofnanir bæjarins sem koma að varðveislu menningarminja hafi aðgang að varðveisluhúsnæði safnsins.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á samstarf við aðrar stofnanir í bæjarfélaginu og hópa sem tengjast viðfangsefni safnsins.

Sýningastarf safnsins á eftir að eflast til muna með nýjum sýningarrýmum.

Hefðbundnir hátíðisdagar eru í heiðri hafðir.

Reykjanesbær vill styðja við rannsóknir og miðlun á sögu svæðisins og stuðla að varðveislu söguminja.

Verkefni til að vinna að:

- Byggðasafnið stuðli að varðveislu og rannsóknum á menningarminjum byggðarlagsins og sinni sérstaklega sérkennum svæðisins s.s. dægurmenningu og minjum tengdum sjávarútvegi og sögu Keflavíkurflugvallar.
- Menningarlega verðmætir staðir í sveitarfélaginu verði merktir, kortlagðir og síðan rannsakaðir.
- Áhersla verði lögð á fornleifarannsóknir á landnámsbænum í Höfnum.
- Stefnt er að opnun grunnsýningar um sögu svæðisins. Þá verður haldið áfram að bjóða upp á sérsýningar til skemmri tíma.
- Hlúð verði að Bátafloata Gríms Karlssonar og sögu sjávarútvegs gerð góð skil.
- Hlúð verði að Íþróttaminjasafni Reykjanesbæjar
- Áhersla verði lögð á að efla aðgengi að safnkostinum á netinu. Sérstök áhersla verði lögð á ljósmyndasafnið.
- Haldið er upp á ýmsa hátíðisdaga með viðhöfn s.s. 17. júní, öskudag, þrettándann o.fl. Vilji er til þess að fjölga þeim frekar en fækka og leyfa bæjarbúum að njóta þess að koma saman við skemmtileg tilefni.

Tími til að njóta fræðslu, trúar og menningar

Nauðsynlegt er að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna. Margir þættir í menningarstarfi Reykjanesbæjar eiga að geta unnið afar vel með fræðslu um sögu, listir og umhverfi. Þá er einnig ástæða til að treysta samstarf við aðra samfélagslega starfsemi innan byggðarlagsins svo sem trúarlegt starf.

Reykjanesbær vill styðja við hvers konar fræðslu- og félagsstarf og tengsl þess og menningarlífs.

Verkefni til að vinna að:

- Áhersla verði lögð á safnkennslu fyrir börn og ungmenni á öllum söfnum Reykjanesbæjar og safnfræðslu fyrir alla aldurshópa.
- Samhliða byggingu orkuvers á Reykjanesi hefur verið sett upp sýningin „Orkuverið Jörð.“ Reykjanesbær mun vinna með Hitaveitu Suðurnesja að framgangi málsins. Áhugavert verður að tengja sýninguna við rannsóknir í jarðfræði og orkunýtingu sem áfram kallar á samvinnu við menningar- og menntastofnanir á öllum stigum.
- Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, vinnur að þróun á Skóla skapandi greina. Er þar horft til náms á sviði kvikmyndagerðar og margmiðlunar, tónlistar, hönnunar og sjónlista svo og sviðslista. Hvatt er til stuðnings við þessa uppbyggingu skólans.
- Við undirbúning að stofnun nýs framhaldsskóla á Suðurnesjum verði sérstaklega hugað að uppbyggingu listnáms.
- Vinnuskólinn bjóði upp á störf við listir og menningu auk hefðbundinna starfa við umhverfismál og fegrun bæjarins. Samstarf verði við söfnin, Listaskólann, Leikfélag Keflavíkur, Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ, Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og fleiri aðila um sumarstörf fyrir ungmenni.
- Frístundaskólinn verði eflur og honum gert kleift að hlúa að áhuga barna á listum, sögu og öðru félags- og menningarstarfi.
- Listaskólinn festi sig í sessi sem heilsárs valkostur fyrir börn og ungmenni og bjóði upp á vandaða og fjölbreytta kennslu í myndlist og e.t.v. fleiri listgreinum.
- Stutt verði við menningarstarf Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga og kirkjudeilda.

Tími til að njóta nýsköpunar, fjölbreytni og menningar

Samfélag okkar býður alla nýja íbúa velkomna og aðgreinir þá ekki eftir litarhætti, trú, kynferði eða þjóðerni. Fjölbreytni í menningarstarfi er einkenni svæðisins og ber að vinna að því áfram. Sköpun er grunnfensenda allrar nýsköpunar og þroska manneskjunnar. Skapandi hugsun er eitt mikilvirkasta tæki til að stækka sýn okkar, eyða fordómum og efla lýðræðislega hugsun.

Reykjanesbær vill stuðla að nýsköpun á öllum sviðum mannlífs og styðja við menningarlega fjölbreytni.

Verkefni til að vinna að:

- Með markvissum hætti verði ýtt undir frumlega hugsun og nýsköpun í menningu og listum og slíkri starfsemi sköpuð sú aðstaða sem til þarf.
- Áfram verði leitast við að draga það fram sem við getum lært af íbúum okkar sem eru af erlendum uppruna um leið og við hjálpum þeim til að aðlagast íslensku samfélagi. Jafnframt þurfum við að vinna skynsamlega úr reynslu annarra þjóða af samskiptum ólíkra hópa.
- Samstarf við norræna vinabæi verði treyst og möguleikar sem felast í því nýttir í þágu menningar- og uppeldisstarfs. Samstarf við aðra vinabæi verði einnig treyst.
- Frá árinu 2000 hefur Reykjanesbær staðið fyrir leiknum Ljósahús Reykjanesbæjar þar sem veittar eru viðurkenningar fyrir jólaskeytingar utandyra á aðventu. Leikurinn hefur vakið mikla athygli og er líklegur til þess að auka ánægju og lífsgleði fólks á öllum aldri. Vinna þarf að því að auka enn kynningu leikjarins í því skyni m.a. að laða enn fleiri gesti til bæjarins á aðventunni.
- Áhersla verði lögð á að virkja þjónustumiðstöðina á Nesvöllum sem menningarmiðstöð, ekki einungis fyrir eldri borgara heldur alla fjölskylduna.
- Stuðningur og samstarf verði við skapandi starf og menningu í Björginni, geðræktarmiðstöð Suðurnesja.
- Menningarmiðstöð unga fólksins, 88 húsið, er mikilvæg aðstaða fyrir ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára sem velur hið öfluga félagslíf sem þar býðst. Stuðla þarf að enn nánari tengingu þess við annað menningar- og tómstundastarf og félagsstarf framhaldsskólanna.
- Listahátíð barna verði haldin í samvinnu við skólana á hverju vori.

- Áhersla verði lögð á náíð og víðtækt samstarf við ýmsar menningarstofnanir í landinu.
- Æskilegt er að með regulegu millibili séu gerðar kannanir um þarfir og væntingar íbúanna vegna menningarstarfs.
- Uppbyggingu á Duushúsum þarf að ljúka. Aðstaðan þar til sýningarhalds og listviðburða hefur aukið framboð menningarafþreyingar í Reykjanesbæ á síðustu árum. Á hverju ári hafa bæst við nýir sýningarsalir með spennandi möguleikum. Nú síðast hefur Bíósalurinn verið endurnýjaður og viðgerð stendur yfir á Bryggjuhúsi.
- Fram hafa komið hugmyndir einkaaðila um endurgerð Fischershússins og byggingu listatorgs við Hafnargötu 2 þar sem byggðar yrðu vinnustofur listamanna, sýningarsalir, kaffihús, listasmiðja og íbúðir. Samvinna milli bæjarfélagsins og einkaaðila er jákvæð og því þarf að skoða þessa leið.

Tími til að njóta útivistar og menningar

Í Reykjanesbæ er fjöldi minnismerkja og listaverka utanhúss eftir marga af þekktustu listamönnum þjóðarinnar. Listaverkin prýða opinberar byggingar og opin svæði og eru yndisauki fyrir vegfarendur og þá sem njóta útivistar.

Fjölmargir sögustaðir og slóðir eru í sveitarfélaginu. Vitneskja um þá eykur gildi útivistar og hvetur fólk til þess að kynna sér umhverfi sitt og standa vörð um söguna.

Reykjanesbær vill styðja við uppbyggingu á enn fleiri útivistarmöguleikum og gera sögu, menningu og útivist að sameiginlegri upplifun.

Verkefni til að vinna að:

- Hlúð verði að útilistaverkum og þeim fjölgað á opnum svæðum og almenningsgörðum í sveitarfélaginu.
- Samkeppni fari fram annað slagið um gerð nýrra listaverka til þess að fegra umhverfið í Reykjanesbæ. Sett verði markmið t.d. um að setja upp eitt nýtt útilistaverk á hverju kjörtímabili.
- Átak verði gert í merkingu sögustaða og gönguleiða um svæði sem geyma fótspor horfinna kynslóða.
- Skessan í hellinum er dæmi um aukna afþreyingu fyrir alla aldurshópa sem tengir útivist og menningu á lifandi og skemmtilegan hátt. Áfram verði unnið með þá hugmynd og leitast við að gera skessuna að tákni fyrir fjölskylduvæna menningarstefnu Reykjanesbæjar.
- Víkingaheimur mun draga til sín fjölda erlendra og innlendra ferðamanna á næstu árum og skapa grundvöll fyrir fjölmörg störf í ferðaþjónustu í Reykjanesbæ. Verkefnið verði unnið í samráði við einkaaðila.

Tími til að njóta Ljósanætur

Ljósanótt var haldin í fyrsta sinn 2. september árið 2000 og var framlag Reykjanesbæjar til Reykjavíkur, menningarborgar árið 2000. Ljósanótt markar haustdaga í Reykjanesbæ en þá eru ljósin á Berginu kveikt á ný að loknu sumri með tilheyrandi viðburðum. Framkvæmd Ljósanætur eins og annarra hátíða er í höndum Menningarráðs og unnin í samvinnu við bæjarbúa og fyrirtæki á svæðinu.

Reykjanesbær vill styðja við Ljósanótt og vinna að því að efla hana sem fjölskyldu- og menningarhátíð.

Verkefni til að vinna að:

- Menningarhátíð Reykjanesbæjar, Ljósanótt, verði áfram árviss viðburður með þeim tvíþætta tilgangi að gleðja heimamenn og draga gesti til bæjarins. Umgjörð Ljósanætur verði nýtt til þess að hlúa að því öflugum og fjölbreyttum menningarstarfi sem til staðar er í bænum.
- Fjölskylduhátíðin Ljósanótt verði áfram hápunktur menningarlífs í Reykjanesbæ, þar sem íbúar, fyrirtæki og félagasamtök leggast öll á eitt við að skemmta íbúum og gestum.
- Hinni fjölbreyttu og umfangsmiklu menningar- og listadagskrá sem er boðið upp á árlega á Ljósanótt verði gerð góð skil og hún kynnt með enn kraftmeiri hætti en hingað til.
- Unnið verði að því að efla enn frekar kynningu á sérkennum Reykjanesbæjar í listum og menningarlífi innan dagskrár Ljósanætur. Sérstaka áherslu ber að leggja á tónlistina.

Hvatning og stuðningur sveitarfélagsins

Menningarfulltrúi Reykjanesbæjar

Ráðning á sérstökum starfsmanni, til þess að hafa með yfirstjórn og samræmingu á menningarstarfsemi sveitarfélagsins að gera, hefur sannað sig á örfáum árum. Starfssvið menningarfulltrúa er víðtækt og þangað liggja allir þræðir í menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.

Verkefni til að vinna að:

- Gert verði átak í skipulagningu og kynningu menningarviðburða í Reykjanesbæ með birtingu viðburðadagatala á vef sveitarfélagsins.

Manngildissjóður Reykjanesbæjar

Með stofnun Manngildissjóðs Reykjanesbæjar var stigið stórt skref í stuðningi við þróun verkefna til aukins manngildis meðal bæjarbúa. Innan sjóðsins starfa nokkrir undirsjóðir, meðal annars á sviði menningar.

Verkefni til að vinna að:

- Framlög til menningar úr Manngildissjóði haldi áfram að vaxa. Sérstök áhersla verði einnig lögð á stuðning við félög og verkefni sem vinna að samvinnu milli íþróttá, menningar, forvarna, fræðslu, atvinnulífs og umhverfismála.

Menningarstyrkir Reykjanesbæjar

Menningarráð Reykjanesbæjar sér um alla styrki til menningarmála fyrir hönd bæjarstjórnar. Ráðið (menningarsjóður) fær árlega úthlutun úr Manngildissjóði. Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna en einnig eru gerðir samningar til lengri tíma við hópa og félög sem standa fyrir samfelldri menningarstarfsemi. Slíkir samningar eru 15 árið 2008.

Verkefni til að vinna að:

- Auka þarf árlega fjárhæð sem til ráðstöfunar er til menningarstyrkja.
- Endurskoða þarf reglulega þjónustusamninga við félög og hópa og meta árangur af þeim. Sérstök ástæða væri að setja skilyrði um tengingu við barnastarf inn í samningana.
- Menningarráð og menningarfulltrúi hafi frumkvæði að einstökum verkefnum og bjóði fram styrki til þeirra sem vilja taka þau að sér.

Niðurgreiðsla á þátttöku ungmenna í menningarstarfi

Uppbyggjandi nám og menningarstarf er ekki síður mikilvæg forvörn en íþróttir. Því er nauðsynlegt að hver einstaklingur finni sér verkefni við hæfi. Til viðbótar við það sem þegar er gert er börnum á aldrinum 6 - 18 ára boðinn fjárstyrkur sem getur nýst til viðurkenndra menningarverkefna.

Verkefni til að vinna að:

- Gerðir verði samningar við sem flest menningarfélög þar sem fram koma skýr uppeldismarkmið.

Menningarverðlaun Reykjanesbæjar – Súlan

Reykjanesbær veitir árlega tvær viðurkenningar í menningarmálum. Aðra viðurkenninguna fær einstaklingur eða hópur sem unnið hefur að menningarmálum í bænum. Hina fær fyrirtæki sem stutt hefur við menningarlíf bæjarins með fjárframlögum eða öðru. Menningarráð Reykjanesbæjar ákveður verðlaunahafa að undangengnum tilnefningum sem auglýst er eftir.

Verkefni til að vinna að:

- Áfram verði efnt til árlegra menningarverðlauna. Til athugunar verði að veita að auki árlega sérstök verðlaun vegna tónlistar, önnur vegna myndlistar o.s.frv.

Listamaður Reykjanesbæjar

Listamaður Reykjanesbæjar er útnefndur einu sinni á hverju kjörtímabili. Það er bæjarráð sem velur hann og hefur til hliðsjónar eftirfarandi reglur:

Í lok hvers kjörtímabils er óskað eftir tillögum eða óskum um listamann Reykjanesbæjar. Allar listgreinar og öll listform koma til greina. Bæjarráð úthlutar nafnbótinni. Ráðið skal fara yfir þær óskir og tillögur sem fram koma og er einnig heimilt að bæta við nöfnum sem til greina koma eftir því sem ástæða er til. Bæjarráði er heimilt að ráða sér aðstoðarfólk eftir þörfum vegna úthlutunar þessarar. Sá sem hlýtur nafnbótina Listamaður Reykjanesbæjar fær styrk til að auðvelda viðkomandi að stunda list sína, viðurkenningarspjald og grip til minningar um atburðinn. Þá verða nöfn þeirra skráð á stall listaverks sem stendur í skróðgarði bæjarins. Listamanni Reykjanesbæjar er skylt að halda sýningu eða kynna á annan hátt list sína.

Verkefni til að vinna að:

- Áfram verði valinn listamaður Reykjanesbæjar og unnið að því að kynna hann og verk hans sem víðast svo sem í skólum á öllum stigum.

Menningarráð Suðurnesja

Reykjanesbær er aðili að samningi sveitarfélaganna á Suðurnesjum og ríkisins um menningarmál á svæðinu. Árlega úthlutar Menningarráð Suðurnesja styrkjum til verkefna í sveitarfélögunum fimm eftir þeim fjárhæðum sem kveðið er á um í samningnum.

Verkefni til að vinna að:

- Reykjanesbær vinni áfram í samstarfi sveitarfélaga á Suðurnesjum að samningi við ríkið. Menningarfulltrúi hafi það hlutverk að hvetja og aðstoða aðila við umsóknarferli.

Menningarstofnanir Reykjaneshajar

Reykjaneshajar rekur myndarlegar menningarstofnanir. Söfnin eru þar í fararbroddi en einnig er hlutverk annarra stofnana mikilvægt og vaxandi.

Bókasafn Reykjaneshajar

Kjarni, Hafnargötu 57, 230 Reykjaneshajar
s. 421 6770, bréfasími 421 3150

Netfang: bokasafn@reykjaneshajar.is Veffang: www.reykjaneshajar.is/bokasafn

Stofnað 1994 við sameiningu þriggja sveitarfélaga á Suðurnesjum en almenningsbókasöfn voru rekin í sveitarfélögunum frá árinu 1956.

Safnið starfar samkvæmt lögum nr. 37/1996.

Listasafn Reykjaneshajar

Skrifstofa Tjarnargata 12, 230 Reykjaneshajar
S:421-6700, bréfasími 421-4667
Sýningarsalur Duusgata 2-8, 230 Reykjaneshajar
s. 421-3796

Netfang: listasafn@reykjaneshajar.is Veffang: www.reykjaneshajar.is/listasafn

Stofnað 1994 en formlegur rekstur hefst 2003.

Safnið starfar í samræmi við safnalög nr. 106/2001.

Byggðasafn Reykjaneshajar

Póstfang: Tjarnargata 12, 230 Reykjaneshajar
Varðveisluhús og skrifstofa: Bygging 868 Vallarheiði
S:421-6700, 865-6160, 894-6724
Sýningarsalur Duushús, Duusgötu 2-8, Keflavík, s. 421-3796
Njarðvík, Njarðvíkurbraut 42, Innri Njarðvík
Stekkjarkot, Fitjum, Innri Njarðvík
Vatnsnes, Vatnsnesvegi 8, Keflavík

Netfang: byggdaasafn@reykjaneshajar.is Veffang: www.reykjaneshajar.is/byggdasafn

Stofnað 1978 sem Byggðasafn Suðurnesja, með sameiningu tveggja safna, Byggðasafns Keflavíkur (stofnað 1944) og Byggðasafns Njarðvíkur. Safnið var opnað almenningi 1979 í húsi safnsins á Vatnsnesi, Keflavík. Nafni safnsins var breytt í Byggðasafn Reykjaneshajar árið 2004. Safnið samanstendur af munasafni og myndasafni, (ljósmyndir og hreyfimyndir). Undir það heyrir Skjalasafn Reykjaneshajar og Íþróttaminjasafn Reykjaneshajar. Þá hefur safnið umsjón með Poppminjasafni Íslands.

Safnið starfar í samræmi við safnalög nr. 106/2001.

Duushúsin

Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar
Duusgata 2-8, 230 Reykjanesbær

S: 421-3796

Netfang: duushus@reykjanesbaer.is

Gömul fiskverkunarhús, það elsta frá 1877, sem hafa verið í endurbyggingu undanfarin ár og gegna nú hlutverki sem lista-, sýninga- og tónlistarhús. Frá árinu 2002 hafa 4 salir verið teknir í notkun. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki 2010 þegar síðasti og elsti hluti hússins, Bryggjuhúsið, verður afhentur.

Listaskólinn

S: 898-1202

Netfang: listaskoli@reykjanesbaer.is

Listasmiðjan á Vallarheiði

Víkingabraut 773, 235 Reykjanesbæ

Netfang: listasmidjan@reykjanesbaer.is

Svarta Pakkhúsið

Hafnargata 2, 230 Reykjanesbær

Netfang: svartapakhusid@reykjanesbaer.is

Frumleikhúsið

Vesturbraut 17, 230 Reykjanesbær

S: 421-2540

Netfang: lk@lk.is Veffang: www.lk.is

Tengdar stofnanir:**Tónlistarskóli Reykjanesbæjar**

Austurgata 13, 230 Reykjanesbær

S: 421-1153

Netfang: tonlistarskoli@reykjanesbaer.is Veffang: www.reykjanesbaer.is/tonlistarskoli

88 húsið

Menningarmiðstöð unga fólksins

Hafnargata 88, 230 Reykjanesbær

S: 421-8890

Netfang: 88@88.is Veffang: www.88.is

Nesvellir

Njarðarvöllum 4, 260 Reykjanesbær

S: 420-3400

Netfang: nesvellir@nesvellir.is Veffang: www.nesvellir.is

Menningarhópar í bæjarfélaginu

Leikfélag Keflavíkur

Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ

Tónlistarfélag Reykjanesbæjar

Kvennakór Suðurnesja

Karlakór Keflavíkur

Suðsuðvestur gallerí

Harmonikkufélagið

Norræna félagið

Ljósop, félag áhugaljósmyndara

Gallery Björg, félag handverksfólks

Faxi málfundafélag

Gospelkór Suðurnesja

Leiðsögumenn Reykjanes ses

Einstakir, félag tréskurðarmanna

Gallerí Svarta pakkhúsið

Baðstofan